

L Ö G

14

4. apríl

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

1. a-liður orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 40000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.
2. Í stað orðanna „í öllum 10 flokkum“ í c-lið komi: í öllum 12 flokkum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 97 12. des. 1945, lög nr. 93 27. nóv. 1951 og lög nr. 68 19. nóv. 1953, öll um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Gjört í Reykjavík, 4. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

15

6. apríl

um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands
í lífeðlis- og lífefnafræði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 6. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.